



# Bananar

HJARTAÐ Í LÝÐHEILSU ÍSLENDINGA

## Samfélagsskýrsla 2022

# Orð frá framkvæmdastjóra

Starfsfólk Banana hefur alltaf haft sjálfbærni að leiðarljósi í sínu starfi en gerð þessarar fyrstu samfélagsskýrslu markar ákveðin tímamót í vinnu fyrirtækisins að sjálfbærnimálum þar sem skýr markmiðssetning ásamt reglubundnum mælingum á árangri verður í framhaldinu leiðarljós í sjálfbærnivinnu okkar.

Samfélagsleg ábyrgð er starfsfólki Banana hugleikin enda erum við þjóðhagslega mikilvæg þegar kemur að því að sjá landsmönnum fyrir ávöxtum, grænmeti og berjum. Við erum stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á þessu sviði og finnum til mikillar ábyrgðar og erum stolt af hlutverki okkar að stuðla að bættri heilsu og heilbrigði landsmanna með aukinni neyslu á hollu fæði.

Reksturinn gekk vel á síðasta ári þrátt fyrir miklar áskoranir í ytra umhverfi þar sem verðsveiflur á aðföngum fylgdu í kjölfar stríðs í Úkraínu og loka Kórónuveirufaraldursins. Til að mæta áskorunum í framtíðinni höfum við lagt í mikla vinnu við að styrkja innviði Banana með umbótum í gæðafærlum, vörupróun, upplýsingatækni og stækkun vöruhúsa. Við erum bjartsýn á að þessi vinna skili sér í betri þjónustu og meiri gæðum til neytenda.

## Gegn matarsóun

Um það bil 30% af framleiddum mat í heiminum í dag er hent sem orsakar mikla matarsóun í allri aðfangakeðjunni þ.e frá akri til heimilanna. Bananas leggja mikla áherslu á að lágmarka sóun í innkaupum, birgðastýringu, geymslu og dreifingu matvara og þannig leggja sitt af mörkum til þess að lágmarka matarsóun. Viðeigandi flutningsmáti, hastig í flutningi og geymslu skiptir mestu máli

þegar kemur að varðveislu ferskvöru og leggjum við mikið upp úr því að velja réttu leiðirnar fyrir hverja vöru í meðhöndlun til að tryggja ferskleika. Allt frá því að varan er tekin upp eða tínd af trjánum, þá erum við í keppni við tímann. Vörurnar hafa allar frekar stuttan líftíma og felst keppnin við tímann í því að koma ferskri gæðavöru á disk landsmanna.

Órofin kælikeðja frá bændum til okkar, oft í bilmings sjó yfir Atlantshafið, er lyklatríði og getur góð stýring haft úrslitaáhrif á gæði og líftíma varanna.

## Ný sjálfbærnistefna

Á árinu fórum við í umfangsmikla stefnumótunarvinnu í sjálfbærni með ráðgjafafyrirtækinu Ernst & Young. Skilgreindir voru hagaðilar fyrirtækisins og UFS þáttum forgangsraðað fyrir sjálfbærnistefnu. Við völdum hagaðilahópa til þess að leggja mat á mikilvægi UFS þátta með stafrænni könnun. Í kjölfar þessarar stefnumótunarvinnu settum við okkur lykilmæliskvarða til ársins 2027.

## Hjartað í lýðheilsu Íslendinga

Við Íslendingar eigum langt í land með að borða nóg af grænmeti og ávöxtum en aðeins 2% þjóðarinnar borða ráðlagðan skammt samkvæmt viðmiðum embættis landlæknis, sem er að borða að minnsta kosti 500 grömm á dag. Við hjá Bönunum höfum einsett okkur að auka neyslu Íslendinga á grænmeti og ávöxtum og stuðla þannig að bættri lýðheilsu og velferð íslensku þjóðarinnar.

Á síðustu misserum höfum við starfsfólk Banana unnið að því að uppfæra stefnu fyrirtækisins og höfum við samhlíða uppfært hlutverk Banana. Í stað

þess að takmarka okkur við að vera þjónusta, innflutnings- og dreifingarfyrtæki þá viljum við leggja okkar að mörkum til að bæta lýðheilsu íslensku þjóðarinnar. Bananas, „hjartað í lýðheilsu Íslendinga“ er nýja lykilstetningin okkar.

Í framhaldinu hefur orðið breyting á grunnrekstri Banana, sem hefur ávallt snúist um kaup og sölu á ávöxtum og grænmeti en í dag höfum við sett á laggirnar nýjungar sem fela í sér framleiðslu á vörum úr okkar hráefnum og aukum þannig verulega við úrval okkar á tilbúnum vörum. Þá geta neytendur sem vilja auðvelda matreiðslu, neytt ávaxta og grænmetis í amstri dagsins með vörum tilbúnum til neyslu í þægilegum neytandaumbúðum svo eitthvað sé nefnt.

Til að koma til móts við nýtt hlutverk þá höfum við unnið að því hörðum höndum að styrkja birgjasambönd, auka samstarf við birgja og ræktendur, aukið tíðni á vörusendingum og erum nú að leggja lokahönd á innleiðingu á nýju gæðakerfi BRC.

## Horft til framtíðar

Við erum að standa okkur vel á mörgum sviðum þegar kemur að sjálfbærni en engu að síður þá þurfum við sífellt að leita leiða til að gera enn betur.

Gerð samfélagsskýrslu er liður í að greina frá og hampa þeim árangri sem náðst hefur á liðnu ári og góður tímamunktur til að setja sér ný metnaðarfull markmið. Við hlökkum til komandi ára og munum leggja okkar af mörkum til þess að auka árangur sjálfbærni á Íslandi.



Jóhanna Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri

# Hjartað í lýðheilsu Íslendinga

## Stærsti innflytjandi grænmetis og ávaxta

Fyrirtækið Bananar var stofnað árið 1955 og er í dag stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Einnig eru Bananar stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendra grænmetis- og berjaræktun.

Eins og nafnið gefur til kynna voru fyrstu starfsár fyrirtækisins helguð innflutningi og þroskun banana. Síðan þá hafa áherslur breyst og í dag býður fyrirtækið upp á mikið og gott úrval af bæði íslensku og erlendu grænmeti og ávöxtum allan ársins hring. Vörum er dreift til viðskiptavina sex daga vikunnar en þeir eru orðnir um 900 talsins og samanstanda af verslunum, veitingahúsum, heilbrigðisstofnunum, skólum, leikskólum, mótuneytum o.fl.

Til þess að Bananar geti sinnt sínu kjarnahlutverki, að tryggja íslenskum neytendum hágæða mat- og dagvöru skiptir skilvirkur flutningur, gagnsæi í uppruna vöru og gæði öllu máli. Til þess að sinna þessum þörfum höfum við bein viðskiptasambönd út um allan heim og má þar nefna Kína, Brasilíu, Kanada, Chile, Argentínu, Holland, Bandaríkin og Spán sem dæmi. Vörurnar eru teknar vikulega með skipi og daglega með flugi því allt okkar starf snýst um að viðhalda ferskleika vörunnar. Þá berst okkur daglega grænmeti frá íslenskum grænmetisbændum.

Þegar kemur að innflutningi þá er viðskiptum beint til þeirra landa þar sem uppskera á ávöxtum og grænmeti er best hverju sinni. Við höfum það að leiðarljósi í öllu okkar starfi að kaupa vörurnar eins nálægt okkur og mögulegt er en þó að sækja þær eins langt og þörf krefur til þess að varan uppfylli allar

okkar gæðakröfur. Þannig skilar fyrirtækið hollri og góðri vöru á sanngjörnu verði og stuðlar þ.a.l. að bættri lýðheilsu og velferð samfélagsins.

Hjá Bönunum starfa tæplega 100 manns en starfsfólkið okkar er lykillinn af góðum árangri og því leitast Bananar eftir því að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Starfsfólk Banana leggur sig fram á hverjum degi við að kaupa inn hágæða grænmeti og ávexti bæði af innlendum og erlendum birgjum og dreifa í verslanir og fyrirtæki um allt land.

Það er stefna okkar að hámarka hagkvæmni í rekstri, veita bestu þjónustu við viðskiptavinum, tryggja gæði vöruframboðs og sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu.

## Við erum hjartað í lýðheilsu Íslendinga

Bananar er í einstakri stöðu til að hafa jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan íslensku þjóðarinnar. Samkvæmt Landlæknisembættinu fylgja aðeins 2% þjóðarinnar ráðleggingum embættis landlæknis um að borða 500 grömm af ávöxtum og grænmeti á dag.

Í dag borða Íslendingar að meðaltali um 220 grömm af ávöxtum, berjum og grænmeti á dag en æskileg neysla samkvæmt sérfræðingum er um 500 grömm. Það sem er jafnvel verr, er að neysla á grænmeti hefur staðið í stað og neysla áxaxta og berja hefur minnkað frá síðustu könnun.

Við höfum einsett okkur að auka neyslu Íslendinga á grænmeti og ávöxtum og stuðla þannig að bættri lýðheilsu og velferð íslensku þjóðarinnar. Betur má ef duga skal.



# Gerð sjálfbærnistefnu Banana

Sjálfbærni snýst um að sjá til þess að við sem nú lifum skiljum ekki við náttúruna á þann hátt að samfélagið beri skaða af og að komandi kynslóðir geti lifað jafngóðu eða betra lífi. Eins og áður hefur komið fram þá er sjálfbærnistefna þessi félaginu mikilvæg til að Bananas geti lagt sitt af mörkum í sjálfbærnimálum. Eftirfarandi er lýsing á umgjörð og framkvæmd sjálfbærnistefnu Banana.

## Markmið og gildissvið

Markmið stefunnar er að Bananas séu með metnaðarfulla, skýra og aðgengilega stefnu í sjálfbærni til þess að innleiða í sína kjarnastarfsemi. Stefnan tekur til allrar starfsemi og starfstöðva Banana.

## Ábyrgðaraðilar stefunnar og eignarhald

Framkvæmdastjórn Banana samþykkir sjálfbærnistefnu félagsins og sér til þess að stefnan sé uppfærð á tveggja ára fresti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnan sé innleidd og fylgt innan fyrirtækisins. Árangur í sjálfbærnimálum er tekinn fyrir árlega í samfélagsskýrslu Banana og kynntur í ársuppgjöri Haga ár hvert. Birta skal stefnuna á vef Banana.

## Sjálfbærni umgjörð Banana

Í upphafi árs fór fyrirtækið í samstarfi við systurfélag sitt Aðföng, í viðamikla vinnu með ráðgjafafyrirtækinu Ernst & Young sem fól í sér mikilvægisgreiningu UFS þátta fyrir bæði félögin. Í framhaldinu settu Bananas upp heildstæðan ramma utan um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) félagsins.

Mikilvægustu UFS viðfangsefni eru skilgreind sem þau atriði sem hafa eða gætu haft mest áhrif á fyrirtækið og hagaðila þess. Skilgreindir voru hagaðilar fyrirtækisins með viðtölum og á vinnustofum með stjórnendum Banana.

Sjálfbærni ramminn byggist á mikilvægisgreiningu í samræmi við leiðbeiningar Global Reporting Initiative Standard (GRI) um tvöfalda mikilvægisgreiningu. Sjá má ferlið við gerð sjálfbærnistefnu Banana neðst á síðunni. Mikilvægi er skilgreint og ákvarðað út frá tveimur sjónarhornum:

### 1) Metið út frá hagaðilum

„Skilningur á framþróun, árangri og stöðu Banana“ og „viðtækur skilningur á verðmætum fyrirtækisins.“

### 2) Ákvarðað út frá sjónarhorni stjórnenda Banana.

„Forgangsráða viðfangsefnum sem endurspeglar mikilvægustu áhrif þess á efnahag, umhverfi og samfélag.“

Til þess að greina og forgangsráða UFS þáttum fyrir sjálfbærnistefnu voru hagaðilahópar valdir til þess að leggja mat á mikilvægi UFS þátta með stafrænni könnun. Þessir hagaðilahópar voru: stjórnendur Banana, stjórnendateymi Haga, starfsfólk, viðskiptavinir og birgjar.

## Tvöföld mikilvægisgreining Banana (e. Double materiality analysis) til að finna helstu UFS áhrif tengd fyrirtækinu



# Sjálfbærnistefna Banana

Þegar sjálfbærnumgjörð Banana var fullmótuð, þá var hún aðlöguð að UFS viðmiðum Nasdaq sem skiptist eftirfarandi þrjá flokka:

## 1. Umhverfisþættir

Snúast um að lágmarka áhrif á loftslag og önnur umhverfisáhrif í virðis\_keðjunni.

## 2. Félagsgir þættir

Varpa ljósi á starfsfólk félaganna, birgja þeirra og viðskiptavinum sem og þau jákvæðu samfélagslegu áhrif sem fyrirtækið getur stuðlað að.

## 3. Stjórnarþættir

Byggja á skýrum viðmiðum fyrir stjórnendur og starfsfólk félaganna og hvernig stefnum og ferlum er varða sjálfbærni skal fylgt eftir.

Stefnan tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er lögð sérstök áhersla á fjögur markmið: Heilsa og vellíðan, Aukinn jöfnuður, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftslagsmálum.

## Umhverfisþættir

Fyrirtækið leggur megináherslu á að draga úr vöru- og matarsóun í virðis\_keðju sinni þar sem dregið verði úr að vörum og mat sé hent og þær heldur nýttar á einn eða annan hátt.

Banar ætlar sér að mæla heildarlosun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Leitast verður við að lágmarka sorp frá rekstri Banana með hringrásarhugsun, vali á nauðsynlegum umbúðum og flokkun á sorpi.

Fyrirtækið ætlar að finna grunnkolefnisspor miðað við núverandi rekstur á beinni og óbeinni losun á umfangi 1 og 2 og í kjölfarið setja sér loftslagsstefnu og skýr markmið með tilliti til allra losunarbátta. Í kjölfarið mun önnur óbein losun vera kortlögð á umfangi 3.

Þegar félagið hefur fengið skýra yfirsýn á losun verður áætlun mótuð til að draga úr losun til 2027. Notast verður við ábyrgar mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu í samstarfi við aðila sem bjóða upp á vottaðar kolefniseiningar en fyrirtækið mun leitast við að styðja við framleiðslu á íslenskum kolefniseiningum.



# Sjálfbærnistefna Banana, frh.

## Félagslegir þættir

Banarar sækist eftir góðu og fjölbreyttu starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og jafnrétti á vinnustað. Með því skapast breiðari og fjölbreyttari þekking hjá fyrirtækinu þar sem allir fá jöfn tækifæri. Innan Banana eru fordómar, áreitni og einelti ekki liðið.

Fyrirtækið leggur áherslu á að próa heilsueflandi starfsumhverfi og er vellíðan á vinnustað mikilvægur partur af stefnu Banana, þar sem er bæði hugað að heilsu, þróun starfsfólks og öryggi á vinnustað.

Banarar hafa einsett sér að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif með fræðslu til neytenda og vöruframboði með aukinni áherslu á sjálfbærar, vottaðar og heilsusamlegar vörur.

## Stjórnarhættir

Banarar tryggir að stjórnarhættir séu ávallt til fyrirmyndar og í samræmi við lög og reglur. Fyrirtækið tryggir gagnsæi í virðiskeðju og að koma í veg fyrir hverskyns spillingu með því að innleiða siðareglur fyrir starfsfólk, birgja og þjónustuaðila sem eru endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

Sjálfbærni og loftslagsmál verða innleidd sem fast viðfangsefni á fundum hjá stjórnendum. Fyrirtækið gefur árlega út samfélagsskýrslu sem miðlar markmiðum og lykilmælikvörðum Banana.

## Lykilmælikvarðar í rekstri Banana til ársins 2027 með skýrum undirmarkmiðum

Umhverfispættir	Félagslegir þættir	Stjórnarhættir
Lágmörkun úrgangs og sóunar	Heilbriggt starfsumhverfi	Ábyrgir stjórnarhættir
Draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni Draga úr úrgangi frá rekstri Losun gróðurhúsalofttegunda	Heilsa og öryggi á vinnustað Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga

# Umhverfið

---

Samfélagsskýrsla 2022



Banar vilja vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfsemi sinnar og losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru ein stærsta áskorunin sem við glímum við í dag og nauðsynlegt að allir leggist á eitt til að hægt verði að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030.

Fyrir söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærni vegferð Banana styðst fyrirtækið við stafræna lausn Klappa grænna lausna. Þar fæst góð rauntíma yfirsýn sem styður við markvissa ákvarðanatöku fyrir UFS þætti í rekstri fyrirtækisins.

## Flokkun sorps og endurvinnsla

Á síðustu árum höfum við unnið markvisst að því að auka flokkun með það að markmiði að hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika.

Banar hafa innleitt mörg verkefni sem þegar hafa verið framkvæmd og má þar til dæmis nefna samstarf með PureNorth þar sem moltustöðvar voru settar upp innanhúss á árinu en með þeim er hægt að breyta ferskvörum í lífrænan úrgang eða mold sem hæf er til neyslu.

Stóran hluta samdráttar í losun Banana má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 55,4 % á tímabilinu 2019 - 2022. Heildarþyngd úrgangs frá rekstri Banana nam 240.395 kg, sem er 7,1% hækkun frá grunnári. Magn úrgangs til urðunar lækkaði um 53,9 % á milli árana 2019 og 2022. Árið 2019 fóru 164.360 kg í urðun en 75.777 kg árið 2022. Flokkunarhlutfall Banana var 67,2 % árið 2022, samanborið við 26,8 % árið 2019.

Umbúðir fyrir framleiðsluvörur okkar hafa verið skoðaðar mjög vel út frá umhverfisþáttum og veljum við þær umbúðir fyrir vörurnar okkar sem eru best til þess fallnar hverju sinni til að vernda líftíma varanna og uppfylla umhverfissjónarmið á sama tíma.

## Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu

Síðustu ár hafa Banar gróðursett tré sem mótvægisáðgerð með kolefnisbindingu til að veða á móti losun gróðurhúsalofttegunda. Kolviður sá um gróðursetningu trjáa fyrir hönd fyrirtækisins fyrir árin 2019-2021.

Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022 koma til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Banana. Hagar hafa fyrir hönd Banana gert samning um kaup á vottuðum kolefniseiningum í bið sem jafngilda losun úr umfangi 1 og 2 á árinu 2022. Þessar vottuðu kolefniseiningar eru keyptar af Yggdrasil Carbon ehf. og hafa þær hlotið stranga gæðavottun skv. Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar.

Kolefniseiningarnar eru úr verkefninu Arnaldsstaðir, útgefnum árið 2022 og sem munu raungerast frá árinu 2032 til ársins 2072, en kolefniseiningar í bið verða nýttar til kolefnisjöfnunar þegar þær hafa raungerst.

Með þessu móti er vegið á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem óhjákvæmilega verður í rekstrinum. Engu að síður verður markvisst haldið áfram að draga úr losun í rekstri hvar sem því verður við komið.

Í töflunni hér til hliðar má sjá yfirlit yfir losun gróðurhúsalofttegunda hjá Bönunum fyrir árin 2019, 2020, 2021 og 2022 ásamt mótvægisáðgerðum fyrirtækisins fyrir öll fjögur árin.

## Aðgerðaráætlun um orkuskipti

Við val á bílum er stefnan að velja alltaf rafmagnsbíl svo lengi sem drægni henti rekstrinum en við reiknum með að rafmagnsbílum fjölgi hratt á næstu árum. Banar kaupa vistvæna lyftara, rafmagnsbíla og flutningabíla.

Banar settu upp rafhleðslustöðvar á lóð höfuðstöðva Banana í maí fyrir vinnubíla og starfsmannabíla. Markmið með orkuskiptum er að auka hlutfall endurnýjanlegar orku í samgöngum á öllum sviðum.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2022	2021	2020	2019
Heildarmagn úrgangs	kg	240.395	146.297	184.321	224.490
Þar af flokkaður úrgangur	kg	161.574	78.156	58.691	60.130
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	78.821	68.141	125.630	164.360
Endurunnin úrgangur	kg	164.618	80.935	58.691	60.130
Úrgangi fargað	kg	75.777	65.362	125.630	164.360
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	67,2%	53,4%	31,8%	26,8%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	68,5%	55,3%	31,8%	26,8%

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2022	2021	2020	2019
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> í	193,9	179,7	206,0	247,9
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> í	149	181,5	205,2	165,2
Þar af staðfestar kolefniseiningar	tCO <sub>2</sub> í	149			
Þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> í		181,5	205,2	165,2
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> í	45,6	0,0	0,0	0,0



## Gegn matarsóun

Starfsemi Banana er viðamikil og kaupir fyrirtækið inn vörur alls staðar að úr heiminum. Veltuhraði birgða er um 85 sem þýðir að vörur Banana stoppa að meðaltali 4 daga í vöruhúsinu. Ef miðað er við hefðbundna starfsemi í matvælaíðnaði er þetta mjög mikill veltuhraði á vörum. Þessi mikli hraði í rekstrinum skapar áskoranir við að tryggja gæði vara en jafnframt að sporna við allri sóun í virðiskeðjunni.

### Í kapphlaupi við tímann

Allt frá því að varan er tekin upp eða tínd af trjánum, þá eru starfsfólk Banana í keppni við tímann. Ávextir og grænmeti hafa mjög stuttan líftíma og til að tryggja ferska gæðavöru til landsmanna þarf ferlið frá því að varan er tínd þar til að hún er komin í verslanir að taka sem allra stystan tíma. Einnig er mikilvægt að kælikeðjan rofni ekki í flutningi til að sjá til þess að gæði haldist og sóun verði í lágmarki.

Við innaup ferskvara þá þarf starfsfólk Banana að vera meðvitað um aðstæður í ræktunarlandinu þar sem veðurfar getur haft veruleg áhrif á gæði uppskerunnar. Starfsfólk Banana þarf því að vera tilbúið að bregðast við fjölpættum ytri áhrifum sem geta haft áhrif á virðiskeðjuna og jafnvel að leita að nýjum birgjum á nýjum mörkuðum með skömmum fyrirvara til að tryggja stöðugt framboð á gæðavörum til neytenda.

### Tækni til að sporna við sóun

Á árinu hófst áttak í tæknivæðingu en tæknilausnir spila lykilhlutverk í starfsemi Banana við að hámarka nýtingu og lágmarka sóun. Stefnan er að koma fyrirtækinu í fremstu röð tæknivæddra vöruhúsa en við vinnum nú að því að uppfæra vöruhúsin okkar á þann hátt að þau nýti nýjustu tækni þegar kemur að starfrænni þróun.

Þar sem að líftími á vörum Banana er stuttur og virðiskeðjan flókin er mikilvægt að hámarka notkun á tækni til þess að sporna við sóun. Bananas nota birgðarstýringarkerfi AGR Dynamics fyrir áætlanir og innaup á birgðum.

Fyrirtækið leggur einnig áherslu á að velja umbúðir fyrir vörur Banana sem uppfylla umhverfiskröfur og tryggja góðan líftíma á vörunum.

### Veljum Íslenskt

Fyrirtækið velur innlenda framleiðslu til innaupa með það að leiðarljósi að lágmarka kolefnisspor í flutningi og stuðla að aukningu á innlendri framleiðslu. Bananas kaupa um 75% af allri framleiðslu garðyrkjubænda á Íslandi. Mikil eftirspurn er eftir innlendu grænmeti og ávöxtum hjá viðskiptavinum Banana. Miðað við eftirspurnina telur starfsfólk Banana að sala á innlendu grænmeti og ávöxtum gæti verið allt að 50% meiri en hún er í dag. Fyrirtækið leggur því sérstaka áherslu á virka þátttöku í nýsköpun í matvælaframleiðslu og stuðningi við innlenda ræktendur.

# Starfsfólkið

---



# Mannauður Banana

Bananas er rótgróid fyrirtæki sem hefur tekið miklum stakkaskiptum og áherslubreytingum á síðustu misserum. Þessar breytingar væru þó ekki mögulegar án samheldins starfsmannahóps. Við leggjum mikla áherslu á samvinnu og gleði á vinnustaðnum en á hverjum degi, allt frá innkaupum til dreifingar, leggur starfsfólk Banana sig fram við að koma hágæða grænmeti og ávöxtum til verslana og fyrirtækja um allt land.

Við hjá Bönunum höfum fyrir löngu komist að því að gott starfsfólk skapar samkeppnisforskot og því leitast Bananas eftir því að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Einn af lykilstyrkleikum Banana er þekking, reynsla og fjölbreytileikinn í starfsmannahóp okkar. Sem dæmi um reynslu starfsfólks þá hlutu tveir starfsmenn Banana 50 ára starfsaldursviðurkenningu á þessu ári.

## Mannauður og menning

Fyrirtækið hefur á að skipa fjölbreyttan og fjölbjóðlegan starfsmannahóp en hjá okkur kemur starfsfólk frá 10 mismunandi löndum og 3 heimsálfum. Gildi fyrirtækisins; hamingja, heiðarleiki, hugrekki og heilbrigði, spila stóran sess í áherslum og stefnumannauðsmála. Rík áhersla er lögð á jákvæða vinnustaðameningu sem einkennist af trausti, virðingu og samvinnu heilt yfir. Allt starfsfólk fær tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.

Við lærum af ólíkri reynslu og bakgrunni hvors annars sem gerir okkur kleift að finna lausnamiðaða nálgun á verkefnum.

## Heilsa og vellíðan

Fyrirtækið hefur einsett sér að vera heilsueflandi vinnustaður fyrir starfsfólk sitt og markmið Banana er að vera skipað vel þjálfuðu og stoltu starfsfólki þar sem heilsa og vellíðan starfsfólks er í fyrirrúmi. Púlsmælingar á starfsánægju starfsfólks eru jafnframt framkvæmdar á tveggja mánaða fresti.

## Upplýsingagjöf, fræðsla og þjálfun

Lögð hefur verið áhersla á að veita aukið gagnsæi og upplýsingagjöf til starfsmanna og hafa m.a. reglulegir starfsmannafundir verið innleiddir ásamt því að nýtt samskipta og fræðsluapp fer í loftið á næstu vikum.

Móttaka nýliða og fóstrakerfi hefur verið sett á laggirnar með það að markmiði að auka öryggi og vellíðan nýs starfsfólks og tryggja viðeigandi utanumhald og þjálfun fyrir hvert starf. Allt starfsfólk Banana fer í gegnum fræðslu og þjálfun gæðastaðla HACCP og öryggismála til að tryggja og hámarka gæði vara og öryggi starfsfólks.

## Starfspróun

Við leggjum ríka áherslu á starfspróun og eru fjölmörg dæmi þess hjá fyrirtækinu. Stefna fyrirtækisins tengd starfspróun er að halda í dýrmæta reynslu og þekkingu og efla enn frekar. Til að tryggja möguleika starfsfólks til starfspróunar þá auglýsum við lausar stöður innan fyrirtækisins.

## Öryggi og vinnuvernd

Hjá Bönunum viljum við að allir komi heilir heim og til að tryggja það höfum við áhættumetið öll störf og

starfsstöðvar fyrirtækisins. Handbækurnar Öryggis og heilbrigðisáætlun, Neyðaráætlun og þjálfun, Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (EKKO) eru aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Margs konar námskeið eru haldin sem tengjast öryggi á vinnustað eins og um lagalega ábyrgð verkstjórnenda, skyndihjálpar og endurlífingun, rýming húsnæðis og verkleg æfing í notkun slökkvitækja, umgengni og notkun lyftara út frá öryggi þeirra sem vinna á þeim og annarra í nærumhverfinu.

Öll vinnuslys er skráð og tilkynnt til Vinnueftirlitsins samkvæmt reglum sem um þau gilda hverju sinni. Atvikaskráning er viðhöfð sem er mikilvæg til að átta sig á hvar má gera betur, hvar veiki hlekkurinn er.

## Gildin okkar

Heiðarleiki Hugrekki  
Hamingja Heilbrigði



# Launastefna

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu Banana. Launastefnan tekur til allra starfsmanna Banana.

Fyrirtækið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Almennar launahækkningar fara eftir kjarasamningum.

Fjármálastjóri og mannauðsstjóri í samráði við framkvæmdastjóra bera formlega ábyrgð á öllum launatengdum ákvörðunum og gæta þess að samræmis sé gætt við alla ákvörðunartöku og tryggir að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Launaákvörðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum í samræmi við fyrirliggjandi starfslýsingar þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs.

Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Skjal nr. 4.2.1 Launastefna

Útgefið 6. okt. 2021

Útgáfa 2.1

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri



**Banar**

HJARTAÐ Í LÝÐHEILSU ÍSLENDINGA

## Jafnréttis- og jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Banana er órjúfanlegur hluti af launastefnu Banana og er ætlað að tryggja öllu starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

### Eftirfarandi jafnlaunamarkmið skulu höfð að leiðarljósi:

1. Bananar er vinnustaður þar sem bæði karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa.
2. Bananar greiðir konum og körlum jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
3. Bananar er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
4. Bananar líður ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi eða kynferðislega áreitni.
5. Bananar gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.


Bananar hafa frá árinu 2019 fylgt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks til að framfylgja settum stefnumiðum og höfum við hlotið jafnlaunavottun og uppfyllt skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2013, frá

þeim tíma. Óútskýrður launamunur Banana hefur ávallt verið undir viðmiði og var árið 2022, 1,2% körlum í vil.

Til að uppfylla skilyrði laganna og stefnunnar skuldbindur fyrirtækið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar.

Ákveðið verklag er viðhaft við launaákvörðanir innan fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að tryggja heildaryfirsýn yfir laun, stöðugar umbætur á launakerfinu, eftirlit með kynbundnum launamun og viðbrögð sem felast í því að leiðrétta kynbundinn launamun tafarlaust komi hann í ljós.

Stjórn setur fram jafnlaunamarkmið og rýnir jafnlaunakerfið árlega. Jafnlaunamarkmið skulu endurskoðuð út frá niðurstöðum launagreiningar. Stjórnendur skulu einnig skuldbinda sig til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022-2025

# Samfélagið

---

Samfélagsskýrsla 2022



# Stuðningur við nýsköpun

## Stuðningur við nýsköpun

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem að taka tillit til sjálfbærni við framleiðslu, flutning og pökkun og styðja við innlenda framleiðslu. Tólf sprotaverkefni fengu nýsköpunarstyrk Uppsprettunnar árið 2022 að heildarverðmæti 16 milljón króna.

## Styrkhafar Uppsprettunnar 2022

- **Hops** er ný tegund áfengislausra drykkja.
- **Smjer** er allt sem þú þarft í einu smjörstykki til þess að gera dýrindis sósu á örskammri stundu.
- **Baða** framleiðir íslenskar sápur úr íslenskum hráefnum. Meðal annars úr afgangsgrænmeti og ávöxtum.
- **Svepparíkið** vinnur að þróun og ræktun á sælkeramatsveppum úr lífrænum úrgangi frá matvælaíðnaði.
- **Sifmar** er sprotafyrirtæki sem að vinnur að framleiðslu á hollum íslenskum barnamat.
- **Úr sveitinni** vinnur að ræktun á gulrætum í öllum regnbogans litum.
- **Máltíð á mettíma** er vörulína frostpurrraðra rétta.
- **Bökum saman** er fjölskyldufyrirtæki sem að auðveldar fjölskyldum að skapa saman gæðastundir við bakstur.
- **Krispa fiskisnakk** eru kryddaðar snakkflögur sem innihalda íslensk hráefni og þurrkaðan íslenskan fisk.
- **Mijita** er sprotafyrirtæki sem að framleiðir matvæli byggð á Kólumbískri matargerð.
- **Anna Marta** framleiðir heilsuvörur úr íslenskum hráefnum.
- **Ella Stína** er sprotafyrirtæki sem að framleiðir eingöngu vörur úr hráefni úr plönturíkinu.

## Starfsfólk Banana deilir reynslu til frumkvöðla

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur búa fyrirtæki Haga yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi og framleiðslu á matvælum.

Starfsfólk Banana hefur veitt fjölda verkefna sem hlotið hafa styrk frá Uppsprettunni ýmiskonar ráðgjöf í tengslum við framleiðslu, dreifingu og sölu. Banar hafa styrkt við nýja framleiðendur með markaðssetningu og sölu á vörum í verslunum Haga. Bæði grænmeti og ávexti ásamt vörum sem búnar eru til úr vörum sem falla til hverju sinni í rekstri Banana.

Slagorð Uppsprettunnar er "Virkjum kraftinn og gerum það saman." Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Haga leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðli að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaíðnaði landsmönnum öllum til góða.



# Fyrsti íslenski hvítlauksakurinn

## Stuðningur við innlenda framleiðslu

Banamar leggja áherslu á náið samstarf með smáframleiðendum um land allt með það að leiðarljósi að auka innlenda framleiðslu og nýsköpun í ræktun á Íslandi. Stuðningur við vinnslu og innpökkun á fyrsta íslenska hvítlaukum til sölu í verslunum er nýlegt dæmi um árangursríkt samstarf við smáframleiðanda.

## Fyrsti íslenski hvítlausbóndinn

Á bænum Efri-Úlfsstöðum í Landeyjum hafa Hörður Bender og fjölskylda hans síðustu ár unnið að ræktun á íslenskum hvítlauk og gulrótum. Bændurnir eru sannkallaðir frumkvöðlar þar sem að það hefur engin áður ræktað hvítlauk á Íslandi til sölu í verslunum.

Ræktun hvítlauksins er einstök á heimsvísu þar sem að laukurinn er ellefu mánuði í jörðu og er því líklega hægvaxnasti hvítlaukur í heimi. Bændurnir eru að prófa sig áfram með mismunandi yrki ár frá ári enda ekki allar tegundir sem að þola íslenskar aðstæður.

Fyrsta hvítlaupsuppskeran fékk góðar viðtökur í verslunum Hagkaups og seldist hvítlaukurinn upp á sólahring þegar hann kom í verslanir.

Hörður er með skýrt markmið: "Okkar takmark er að bjóða upp á besta mögulega hvítlaukinn og aðrar hvítlauksvörur sem við erum stolt af. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir að við munum aldrei verða stærsti framleiðandinn, en við vinnum hörðum höndum að því að rækta besta hvítlaukinn."



**Banamar**  
HJARTAÐ Í LYÐHEILSU ÍSLENDINGA

Samfélagsskýrsla 2022



## Hollari valkostur

Samkvæmt ráðleggingum Landlæknisembættisins ætti þriðjungur þeirra fæðu sem að við neytum að vera grænmeti eða ávextir.

### Aðeins 2% landsmanna borða 500 grömm á dag

Samkvæmt niðurstöðum Lýðheilsuvísa sem Landlæknir birti í upphafi árs 2022, þá er samanlögð neysla á grænmeti og ávöxtum að meðaltali um 213 grömm á dag. Landlæknisembættið mælir með því að borða að minnsta kosti 500 grömm af grænmeti og ávöxtum á dag. Einungis um 2% þátttakenda náðu því marki. Neysla á grænmeti hefur verið svipuð síðustu ár en neysla ávaxta og berja hefur heldur farið minnkandi. Það er mikilvægt lýðheilsulegt verkefni að auka neyslu á grænmeti og ávöxtum.

### Betur má ef duga skal

Bananar hafa á árinu unnið að uppfærslu á stefnu og hlutverki fyrirtækisins. Í stað þess að takmarka hlutverk fyrirtækisins við að vera þjónustu-, innflutnings- og dreifingarfyrirtæki vilja Bananar leggja sitt að mörkum til að bæta lýðheilsu íslensku þjóðarinnar. Bananar hafa það að stefnu að vera hjartað í lýðheilsu Íslendinga.

Liður í hlutverki Banana er að fræða Íslendinga um mikilvægi grænmetis og ávaxta í hollu mataræði. Bananar hafa einsett sér að auka neyslu Íslendinga á grænmeti og ávöxtum og stuðla þannig að bættri lýðheilsu og velferð íslensku þjóðarinnar.

Margir borða grænmeti og ávexti daglega en flestir mættu auka neysluna verulega, sérstaklega á grænmeti. Grænmeti og ávextir eru mikilvægur hluti af hollu mataræði en hollusta þeirra er meðal annars fólgin í ríkulegu magni af vítamínum, steinefnum og ýmsum öðrum hollum efnum. Í grófu grænmeti er auk þess mikið af trefjum.

Grænmeti og ávextir eru mikilvægur hluti af hollum lífstíl. Neysla þess minnkar líkur á hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki af tegund II og ýmsum tegundum krabbameina, auk þess að stuðla að heilsusamlegri líkamsþyngd.

Landlæknisembættið ráðleggur fólki að borða fimm skammta af grænmeti og ávöxtum á dag eða minnst 500 grömm samtals. Að minnsta kosti helmingurinn ætti að vera grænmeti. Einn skammtur, sem er 100 grömm, getur t.d. verið stór gulrót, stór tómatur, meðalstórt epli eða lítill banani.

# Bananas & heimsmarkmiðin

---

Samfélagsskýrsla 2022



# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.



## Banarar og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030.

Við höfum forgangsraðað fjórum heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum Banana. Þau tengjast kjarnastarfsemi okkar, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

## Markmiðin okkar



**Markmið 3**  
Heilsa og vellíðan



**Markmið 10**  
Aukinn jöfnuður



**Markmið 12**  
Ábyrg neysla og framleiðsla



**Markmið 13**  
Aðgerðir í loftslagsmálum

# Yfirmarkmið í fjórum áhersluflokkum

Sjálfbærnistefna Banara tekur mið af UFS viðmiðum Nasdaq og skiptist í:

## Umhverfispættir

Snúast um að lágmarka áhrif á loftslag og önnur umhverfisáhrif í virðiskeðjunni

## Félagslegir þættir

Varpa ljósi á starfsfólk félaganna, birgja þeirra og viðskiptavinum sem og þau jákvæðu samfélagslegu áhrif sem Banar geta stuðlað að

## Stjórnarhættir

Byggja á skýrum viðmiðum fyrir stjórnendur og starfsfólk félaganna og hvernig stefnum og ferlum er varða sjálfbærni skal fylgt eftir

Stefnan tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er lögð sérstök áhersla á fjögur markmið: Heilsa og vellíðan, Aukinn jöfnuður, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftslagsmálum.

## Umhverfispættir

Lágmörkun úrgangs og sóunar

Draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni

Draga úr úrgangi frá rekstri

Losun gróðurhúsalofttegunda

## Félagslegir þættir

Heilbriggt starfsumhverfi

Heilsa og öryggi á vinnustað

Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað

Áhrif á samfélag

Samfélagsleg áhrif vöruframboðs

Auka heilbrigði og vellíðan

## Stjórnarhættir

Ábyrgir stjórnarhættir

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga

# Tenging við heimsmarkmiðin



Við styðjum við **heimsmarkmið 3** um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

## Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
<b>1 Heilsa og öryggi á vinnustað</b>	
1.1 Aðstaða starfsmanna sé örugg og standist úttektir	Öryggishandbækur endurskoðaðar Áhættumat endurskoðað Úttekt á vinnuumhverfi og öryggismálum Atvikaskráning
1.2 Lágmarka líkur á slysum á vinnustað	Nýliðafræðsla Endurmenntun í öryggismálum Slysaskráning rýnd af stjórnendum
1.3 Heilsueflandi vinnustaður	Heilsueflandi fræðsla í samstarfi við heilbrigðisþjónustu Heilsufarsskoðanir, niðurstöður sem snúa að vinnuumhverfi rýndar til gagns Sjúkraþjálfari sem leiðbeinir starfsmönnum með rétta líkamsstöðu við sín störf Þjófða upp á flensusprautu Heilsueflandi styrkur fyrir starfsfólk sem hefur starfað a.m.k. 3 mánuði Tvær meðferðir í velferðarþjónustu
<b>2 Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað</b>	
2.1 Kynferðisleg áreitni, einelti og fordómar eru ekki liðin	Fræðsla sem hluti af endurmenntun og nýliðaþjálfun Stjórnendur kynna stefnuna fyrir starfsmönnum Nafnlaust tilkynningarferli
2.2 Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum
2.4 Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	Uppfærum "Landakort Banana" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins

## 3 Samfélagsleg áhrif vöruframboðs

3.2	3% aukning per ár á sölu grænmeti og ávöxtum	% aukning per ár
3.3	Aukning á framboði á vottuðum og lífrænum vörum	Greina hlutfall seldra vara með umhverfisvottun Greina hlutfall seldra vara með lífræna vottun Kynna fyrir viðskiptavinum framboð vottaðra og lífrænna vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára
3.4	Aukning á framboði á vörum sem skapa virði í íslensku samfélagi	Magn seldra vara frá íslenskum frumkvöðlum Magn seldra vara með þjónustu frá vinnuþöðum vinnustöðum Kynna fyrir viðskiptavinum vöruframboð
3.5	Fræðsla til neytenda um sjálfbærar og heilsusamlegar vörur	Sameiginleg markaðsátök og fræðsla með viðskiptavinum



Við styðjum við **heimsmarkmið 10** um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

## Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
<b>2 Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað</b>	
2.2 Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum
2.3 Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf	Jafnlaunavottun sé viðhaldið og niðurstaðan úttektar kynnt fyrir starfsmönnum Útkoma úr launagreiningu sé <2%
2.4 Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	Uppfærum "Landakort Banana" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins

# Tenging við heimsmarkmiðin



Við styðjum við **heimsmarkmið 12** um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

## Umhverfisþættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
<b>1</b> Draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni	
1.1 Kortleggja núverandi matarsóun í virðiskeðjunni	Mæld vöru- og matarsóun í rekstri Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu birgjum Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu viðskiptavinum
1.2 Draga úr vöru- og matarsóun með markvissum hætti	Ná vörusóun (hent) niður um 75% Stefna og uppfærðir verkferlar til að draga úr matarsóun Fjöldi samtala við birgja Fjöldi samtala við viðskiptavini
1.3 Koma í veg fyrir vöru- og matarsóun með samstarfi	Lækka hlutfall óseljanlegra vara og afskurðar um 15% per ár með því að koma í áframhaldandi notkun.
1.4 Besta umbúðir m.t.t. líftíma vara, endurnýtanleika o.fl.	Greina umbúðir m.t.t. matarsóunar og efnisnotkunar Fjöldi samtala við viðskiptavini, birgja og móttókuaðila umbúða um umbúðalausnir Hlutfall endurnýtttra umbúða (til viðskiptavina eða annarra aðila) Merking á umbúðir til neytenda um hvernig á að flokka (merkingar FENÚR)
<b>2</b> Draga úr úrgangi frá rekstri	
2.1 Gera greiningu á sorpi og söfnun þess	Greina verklag um hvernig sorpmálum er háttað
2.2 Draga úr umbúðanotkun með markvissum hætti	Greining á umbúðanotkun og breyting á verklagi X% lækkan á umbúðum sem er hent (plast vs. pappír)
2.3 Heildræn stefna í úrgangsmálum	Stefna í úrgangsmálum
2.4 Flokka a.m.k. 80% af sorpi frá rekstri	Hlutfall flokkaðs sorps

## Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
<b>3</b> Samfélagsleg áhrif vöruframboðs	
3.1 Til staðar sé innkaupastefna sem tekur mið af sjálfbærni	Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni

## Stjórnarhættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
<b>1</b> Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
1.1 Þróa og birta metnaðarfullar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila	Birgjamat sem byggir á UFS viðmiðum Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest
1.2 Siðareglurnar eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum	Fylgja siðareglum Haga Fræðsla um siðareglur Hlutfall starfsfólks sem skrifar undir Starfsmönnum óheimilt að þiggja persónulegar gjafir frá birgjum og þjónustuaðilum nema með samþykki yfirmanns
1.4 Gefa út metnaðarfulla sjálfbærnisráðgjafir sem tekur á helstu UFS þáttum	Sjálfbærnisráðgjafir
1.5 Siðareglur um vernd uppljóstrara	Fylgja reglum Haga um vernd uppljóstrara
<b>2</b> Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga	
2.1 Til staðar sé persónuverndarstefna	Útgefin ný/uppfærð persónuverndarstefna
2.2 Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga	Vinnsluskrá uppfærð Vinnuferill útbúinn sem uppfyllir kröfu persónuverndalaga
2.3 Uppfylla skilyrði úttektar vegna persónuverndarlaga	Verkferlar þannig að staða á innleiðingu persónuverndarlaga uppfylli ávallt stöðuúttekt utanaðkomandi aðila

# Tenging við heimsmarkmiðin



Við styðjum við **heimsmarkmið 13** um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

## Umhverfisþættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
<b>3</b> Losun gróðurhúsalofttegunda	
3.1 Finna grunnspor m.v. núverandi rekstur	Uppfæra losunarþætti í grunnspori
3.2 Setja loftslagsstefnu m.t.t. allra losunarþátta	Heildar % lækun og % lækun hvers þáttar
3.3 Notast við ábyrga kolefnisjöfnun	Kaupa vottaðar kolefniseiningar ásamt því að styðja við íslenska aðila í kolefniseiningaferlinu
3.4 Nákvæmari mæling á umfangi 3	Endurskoða umfang 1 og 2 Umfang 3, frásteymi (e. Downstream) Umfang 3, aðstreymi (e. Upstream)

## Stjórnarhættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
<b>1</b> Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
1.4 Gefa út metnaðarfulla sjálfbærnisráslu sem tekur á helstu UFS þáttum	Sjálfbærnisráslu



# Sjálfbærnimarkmið

## Umhverfispættir



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími
<b>1</b> Draga úr vöru- og matarsóun í virðisdeðjunni				
1.1 Kortleggja núverandi matarsóun í virðisdeðjunni	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Mæld vöru- og matarsóun í rekstri Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu birgjum Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu viðskiptavinum	2022 2023 2023
1.2 Draga úr vöru- og matarsóun með markvissum hætti	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Ná vörusóun (hent) niður um 75% Stefna og uppfærðir verkferlar til að draga úr matarsóun Fjöldi samtala við birgja Fjöldi samtala við viðskiptavini	2025 2022 Árlega Árlega
1.3 Koma í veg fyrir vöru- og matarsóun með samstarfi	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Lækka hlutfall óseljanlegra vara og afskurðar um 15% per ár með því að koma í áframhaldandi notkun.	Árlega
1.4 Besta umbúðir m.t.t. líftíma vara, endurnýtanleika o.fl.	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Greina umbúðir m.t.t. matarsóunar og efnisnotkunar Fjöldi samtala við viðskiptavini, birgja og móttökuaðila umbúða um umbúðalausnir Hlutfall endurnýtttra umbúða (til viðskiptavina eða annarra aðila) Merking á umbúðir til neytenda um hvernig á að flokka (merkingar FENÚR)	2023 2023 2023 2023
<b>2</b> Draga úr úrgangj frá rekstri				
2.1 Gera greiningu á sorpi og sófnun þess	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Greina verklag um hvernig sorpmálum er háttað	2022
2.2 Draga úr umbúðanotkun með markvissum hætti	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Greining á umbúðanotkun og breyting á verklagi X% lækkun á umbúðum sem er hent (plast vs. pappír)	2022 2023
2.3 Heildræn stefna í úrgangsmálum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Stefna í úrgangsmálum	2022
2.4 Flokka a.m.k. 80% af sorpi frá rekstri	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Hlutfall flokkaðs sorps	Árlega
<b>3</b> Losun gróðurhúsalofttegunda				
3.1 Finna grunnspor m.v. núverandi rekstur	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Uppfæra losunarþætti í grunnspori	2022
3.2 Setja loftslagsstefnu m.t.t. allra losunarþátta	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Heildar % lækkun og % lækkun hvers þáttar	2022
3.3 Notast við ábyrga kolefnisjöfnun	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Kaupa vottaðar kolefniseiningar ásamt því að styðja við íslenska aðila í kolefniseiningaferlinu	2023
3.4 Nákvæmari mæling á umfangi 3	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Endurskoða umfang 1 og 2 Umfang 3, frásteymi (e. Downstream) Umfang 3, aðsteymi (e. Upstream)	2022 2023 2025

Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



# Sjálfbærnimarkmið

## Félagslegir þættir



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími
<b>1</b> Heilsa og öryggi á vinnustað				
1.1 Aðstaða starfsmanna sé örugg og standist úttektir	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Öryggishandbækur endurskoðaðar Áhættumat endurskoðað Úttekt á vinnuumhverfi og öryggismálum Atvikaskráning	Árlega Árlega Árlega Árlega
1.2 Lágmarka líkur á slysum á vinnustað	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Nýliðafræðsla Endurmenntun í öryggismálum Slysaskráning rýnd af stjórnendum	Árlega Árlega 2x á ári
1.3 Heilsueflandi vinnustaður	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Heilsueflandi fræðsla í samstarfi við heilbrigðisþjónustu (Heilsuvernd) Heilsufarsskoðanir, niðurstöður sem snúa að vinnuumhverfi rýndar til gagns Sjúkraþjálfari sem leiðbeinir starfsmönnum með rétta líkamsstöðu við sín störf Bjóða upp á flensuspauptu Heilsueflandi styrkur fyrir starfsfólk sem hefur starfað a.m.k. 3 mánuði Tvær meðferðir í velferðarþjónustu Heilsuverndar (5 skipti per meðferð)	Árlega 2ja ára fresti 2ja ára fresti Árlega Árlega Árlega
<b>2</b> Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað				
2.1 Kynferðisleg áreitni, einelti og fordómar eru ekki liðin	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Fræðsla sem hluti af endurmenntun og nýliðaþjálfun Stjórnendur kynna stefnuna fyrir starfsmönnum Nafnlaust tilkynningarferli	Árlega Árlega 2022
2.2 Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	3 - Heilsa og vellíðan 10 - Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum	2023
2.3 Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf	10 - Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Jafnlaunavottun sé viðhaldið og niðurstaðan úttektar kynnt fyrir starfsmönnum Útkoma úr launagreiningu sé <2%	Árlega Árlega
2.4 Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	3 - Heilsa og vellíðan 10 - Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Uppfærum "Landakort Banana" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins	Mánaðarlega Árlega

# Sjálfbærnimarkmið

## Félagslegir þættir



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími
<b>3</b> Samfélagsleg áhrif vöruframboðs				
<b>3.1</b> Til staðar sé innkaupastefna sem tekur mið af sjálfbærni	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Starfsmannamál	Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni	2023
<b>3.2</b> 3% aukning per ár á sölu grænmeti og ávöxtum	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	% aukning per ár	2027
<b>3.3</b> Aukning á framboði á vottuðum og lífrænum vörum	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Greina hlutfall seldra vara með umhverfivottun Greina hlutfall seldra vara með lífræna vottun Kynna fyrir viðskiptavinum framboð vottaðra og lífrænna vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára	2023 2023 2x á ári Árlega
<b>3.4</b> Aukning á framboði á vörum sem skapa virði í íslensku samfélagi	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Magn seldra vara frá íslenskum frumkvöðlum Magn seldra vara með þjónustu frá vernduðum vinnustöðum Kynna fyrir viðskiptavinum vöruframboð	Árlega Árlega Árlega
<b>3.5</b> Fræðsla til neytenda um sjálfbærar og heilsusamlegar vörur	3 - Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Sameiginleg markaðsátök og fræðsla með viðskiptavinum	Árlega

# Sjálfbærnimarkmið

## Stjórnarhættir



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími
<b>1</b> Siðferði og aðgerðir gegn spillingu				
1.1 Þróa og birta metnaðarfullar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Birgjamat sem byggir á UFS viðmiðum Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest	2023 2023
1.2 Siðareglurnar eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Fylgja siðareglum Haga Fræðsla um siðareglur Hlutfall starfsfólks sem skrifar undir Starfsmönnum óheimilt að þiggja persónulegar gjafir frá birgjum og þjónustuaðilum nema með samþykki yfirmanns	Árlega Árlega Árlega 2023
1.3 Setja sjálfbærni og loftslagsmál sem dagskrárlið inn í fundarskóp stjórnenda Banana	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Stjórnarhættir	Endurskoðun stjórnarháttá	2022
1.4 Gefa út metnaðarfulla sjálfbærnisráðgjafir sem tekur á helstu UFS þáttum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Stjórnarhættir	Sjálfbærnisráðgjafir	Árlega
1.5 Siðareglur um vernd uppljóstrara	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Fylgja reglum Haga um vernd uppljóstrara	Árlega
<b>2</b> Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga				
2.1 Til staðar sé persónuverndarstefna	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Útgefin ný/uppfærð persónuverndarstefna	2022
2.2 Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Vinnsluskrá uppfærð Vinnuferill útbúinn sem uppfyllir kröfu persónuverndarlaga	Árlega Árlega
2.3 Uppfylla skilyrði úttektar vegna persónuverndarlaga	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Verkferlar þannig að staða á innleiðingu persónuverndarlaga uppfylli ávallt stöðuúttekt utanaðkomandi aðila	2023

## Lykilþættir úr ESG-skýrslu

### Kolefnisuppgjör

Losun Banana nam 193,9 tonnum koltvísyringsgilda. Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 148,3 tCO<sub>2</sub>í. Losun í umfangum 1 og 2, og vegna úrgangs frá rekstri, hefur lækkað um 21,8% frá grunnári, 2019.

Mest er lækkunin vegna úrgangs frá rekstri, eða 55,4%. Lækkunin stafar fyrst og fremst af auknu endurvinnsluhlutfalli.

Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022 koma til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Banana. Hagar hafa fyrir hönd Banana gert samning um kaup á vottuðum kolefniseiningum í bið sem jafngilda losun úr umfangi 1 og 2 á árinu 2022. Þessar vottuðu kolefniseiningar eru keyptar af Yggdrasil Carbon ehf. og hafa þær hlotið stranga gæðavottun skv. Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar. Kolefniseiningarnar eru úr verkefninu Arnaldsstaðir, útgefnum árið 2022 og sem munu raungerast frá árinu 2032 til ársins 2072, en kolefniseiningar í bið verða nýttar til kolefnisjöfnunar þegar þær hafa raungerst.

Með þessu móti er vegið á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem óhjákvæmilega verður í rekstrinum. Engu að síður verður markvisst haldið áfram að draga úr losun í rekstri hvar sem því verður við komið.

### Orkunotkun

Heildarorkunotkun Banana nam 2.158.721 kWh.

Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun.

Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 1.631.716 kWh.

### Úrgangur

Stóran hluta samdráttar í losun Banana má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála:

- Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 55,4 % á tímabilinu 2019 – 2022.

- Heildarþyngd úrgangs frá rekstri Banana nam 240.395 kg, sem er 7,1 % hækkun frá grunnári.
- Magn úrgangs til urðunar lækkaði um 53,9 % á milli árána 2019 og 2022. Árið 2019 fóru 164.360 kg í urðun en 75.777 kg árið 2022.
- Flokkunarhlutfall Banana var 67,2 % árið 2022, samanborið við 26,8 % árið 2019.

### Lykilmælikvarðar

Losunarkræfni starfsfólks hefur lækkað um 9,7% á milli ár, úr 2.202,6 kgCO<sub>2</sub>í í 1.988,3 kgCO<sub>2</sub>í.

### Helstu losunarþættir

Stærsti losunarþáttur Banana, af þeim þáttum sem teknir eru saman, árið 2022 var losun vegna eldsneytisnotkunar farartækja.

Sjálfbærniuppgjör Banana ehf. vegna ársins 2022 er gert í samræmi við UFS leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Leiðbeiningarnar eru byggðar á leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI 100-400) og meginviðmið og alþjóðlegar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (The Ten Principles of the UN Global Compact).

Vinna var í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar sem kveða á um að framsetning upplýsinga um losun gróðurhúsalofttegunda verði að vera lýsandi, nákvæm, heilleg, samræmd og gagnsæ. Einnig hefur vinnunni verið hagað í samræmi við UNGC, Nasdaq ESG, SDG og GRI en tenging við þessa staðla er dregin fram í uppgjörinu. Þar að auki hefur verið horft til væntanlegs Evrópustaðals, Draft ESRS E-1 Climate Change.

Banarar ehf. notar stafræna tækni Klappa grænna lausna hf. til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærni félagsins.

# Lykilþættir úr ESG-skýrslu

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2022	2021	2020	2019
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> í	193,9	179,7	206,0	247,9
Samtals mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO <sub>2</sub> í	149	181,5	205,2	165,2
Þar af staðfestar kolefniseiningar	tCO <sub>2</sub> í	149			
Þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> í		181,5	205,2	165,2
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> í	45,6	0,0	0,0	0,0
Orkunotkun	Eining	2022	2021	2020	2019
Heildarorkunotkun	kWst	2.158.721	2.986.029	3.159.544	3.680.074
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	527.005	498.042	448.706	534.452
Þar af orka frá rafmagni	kWst	1.060.912	1.136.853	1.148.711	1.041.747
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	570.804	1.351.134	1.562.127	2.103.875
Samsetning orku	Eining	2022	2021	2020	2019
Jarðefnaeldsneyti	%	24,4%	16,7%	14,2%	14,5%
Endurnýjanleg orka	%	75,6%	83,3%	85,8%	85,5%
Meðhöndlun úrgangs	Eining	2022	2021	2020	2019
Heildarmagn úrgangs	kg	240.395	146.297	184.321	224.490
Þar af flokkaður úrgangur	kg	161.574	78.156	58.691	60.130
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	78.821	68.141	125.630	164.360
Endurunnin úrgangur	kg	164.618	80.935	58.691	60.130
Úrgangi fargað	kg	75.777	65.362	125.630	164.360
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	67,2%	53,4%	31,8%	26,8%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	68,5%	55,3%	31,8%	26,8%

Taflan sýnir ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfisleg og samfélagsleg áhrif starfseminnar.

Upplýsingar eru fengnar úr ESG-skýrslu sem unnin var í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf vegna ársins 2022.

# Skiljum vel við

## Hraðar breytingar

Veröldin er fljót að breytast. Við höfum upplifað það á síðustu árum þar sem kórónuveirufaraldurinn geisaði um allan heim án nokkurs fyrirvara og hafði ótrúlega víðtæk áhrif á líf okkar. Sama dag og landlæknir tilkynnti að faraldrinum væri lokið, réðust Rússar inn í Úkraínu og hófu stríð sem enn stendur yfir og hefur mikil áhrif í Evrópu og á íslenskt þjóðfélag.

## Áratugur aðgerða

Hlýnun jarðar og afdrifaríkar afleiðingar hennar á allt líf á jörðinni kallar á viðbrögð okkar allra og ekki síst fyrirtækja til að tryggja að komandi kynslóðir geti notið lífsins með sama hætti og við gerum í dag.

Við erum að sjá uppskerubrest á svæðum sem hafa ekki verið í vandræðum með veðurfar. Það er að verða algengara að ræktendur úti í heimi þurfi að hætta ræktun vegna ítrekaðs uppskerubrests og hefja ræktun á nýju yrki eða jafnvel nýrri tegund.

Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbær þróun er stöðug vegferð sem kallar á heildarsýn og langtímahugsun. Á árinu fórum við hjá Bönunum í umfangsmikla stefnumótunarvinnu í sjálfbærni og við höfum sett okkur lykilmælikvarða til ársins 2027 með skýrum undirmarkmiðum. Við öxlum ábyrgð á samfélagslegum áhrifum sem ákvarðanir og athafnir okkar hafa á samfélagið og umhverfið. Sjálfbærnistefnan verður okkar leiðarljós í metnaðarfullri vinnu sem hjálpar okkur að auka sjálfbærni Banana.

Við vonum að þessi fyrsta samfélagskýrsla veiti gott yfirlit yfir þær áherslur og þau markmið sem Bananar hefur sett sér í tengslum við umhverfisvernd og samfélagslega ábyrgð.

## Skiljum vel við

Sjálfbærni snýst um að sjá til þess að við sem nú lifum notum ekki náttúru og fólk á þann hátt að samfélagið beri skaða af og að komandi kynslóðir hafi tækifæri á að lifa jafngóðu eða betra lífi en við sem nú lifum. Sjálfbærnistefna og vinna að samfélagsmálum er fyrirtækinu mikilvæg til að leggja okkar af mörkum til að svo megi verða.

Einmitt þess vegna er mikilvægt að við leggjumst öll á eitt til að sjá til þess að okkar börn og þeirra afkomendur eigi þess kost að njóta alls þess sem þessi eina jörð sem við eigum, hefur upp á að bjóða.



# Bananar

HJARTAÐ Í LÝÐHEILSU ÍSLENDINGA

Samfélagsskýrsla 2022